

6. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera vextir af höfuðstól, gjafir og önnur tillög, sem sjóðnum kunna að berast. Skipulagsskrá sjóðsins má breyta með einróma samþykkt stjórnar hans.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 4. apríl 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðbjargar Hafstað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 3. maí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðbjargar Hafstað.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðbjargar Hafstað.

Heimili hans og varnarþing er að Varmalandi, Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu.

Sjóðurinn er stofnaður af skólasysturum Guðbjargar Hafstað í Húsmæðrakennaraskóla Íslands, brautskráðum 1952.

Guðbjörg Hafstað var fædd 25. júní 1928 og lézt 3. júlí 1966.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kaupa listaverk handa Húsmæðraskólanum að Varmalandi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15 000.00 og má ekki skerða þann höfuðstól.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og aðrar gjafir. Fé sjóðsins skal ávaxtað í sparisjóðsbókum og verðbréfum með ríkisábyrgð.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar Húsmæðraskólans að Varmalandi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum. Formaður stjórnar er skólastjóri Húsmæðraskólans að Varmalandi. Meðstjórnendur skulu valdir þannig, að skólasystur Guðbjargar Hafstað skiptast á að sitja í stjórninni eitt ár í senn eftir stafrófsröð, meðan þeirra nýtur við, en að því loknu skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem jafnframt hefur heimild til að skipa stjórnarmann í sinn stað. Hinn meðstjórandinn skal vera úr hópi systkina Guðbjargar Hafstað, valinn á sama hátt, og síðar úr hópi barna hennar, sem skiptast á að sitja í stjórninni, jafnóðum og þau verða fjárráða. Að því loknu skal formaður skólanefndar Húsmæðraskólans að Varmalandi skipa þetta sæti.

5. gr.

Stjórnin heldur fund a. m. k. einu sinni á ári og ákveður þá, hvaða listaverk skuli keypt, ef fé er fyrir hendi. Hafa skal, ef unnt er, samráð við sérfróðan mann um val listaverks og leita tillagna hans, áður en ákvörðun er tekin.

6. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

8. maí 1968.

Nr. 131.

REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Í verksmiðjum má ekki nota nitritefni (hrein efni eða blöndur) við geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

2. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna verður því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur auk þess framkvæmt nitritákvarðanir á hráefni og mjöli. Þá verður verksmiðjan einnig að hafa umráð yfir nauðsynlegum tækjum og áhöldum, sem nota þarf við skömmtun, töku sýnishorna og efnagreiningar.

3. gr.

Hráefni, sem unnið skal innan 5 daga frá löndun, er óheimilt að rotverja. Á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert skal þó heimilt að rotverja hráefni, sem geymt skal lengur en þrjá daga frá löndun.

4. gr.

Natrium nitrit (hreint efni eða upplausn) má aldrei nota eitt sér til rotvarnar, heldur skal aðeins heimilt að nota blöndu, sem inniheldur 12.5 kg nitrit og 25 kg formalin í 100 lítra vatnsupplausn. Formalin eitt sér eða blandað vatni skal heimilt að nota til rotvarnar. Um heppilega skammta af ofanskráðri nitritblöndu gefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins út ráðleggingar a. m. k. árlega.

5. gr.

Hráefni (síld, loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 0.15% nitrit, þegar það er unnið. Skyllt er vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) að sjá svo um að aldrei sé hafin vinnsla úr geymsluhólfi (þró, tanki o. s. frv.) fyrr en sýnishorn, tekið samkvæmt reglum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, reynist innihalda minna en 0.15% nitrit.

Bannað er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni, nema nitritinnihald þess rotvarða sé einnig minna en 0.15%.

Ákvarða skal nitrit minnst tvisvar í viku í hverju nitritrotvöru geymsluhólfi, og skulu niðurstöður bókfærðar.

Nitritákvarðanir í soði skulu gerðar minnst einu sinni á sólarhring og skulu niðurstöður bókfærðar.